

# AÐ KASTA OG SEGJA FRÁ

## Aldurshópur

Yngsta stig

## Um aðferðina

Þetta er er skemmtileg aðferð og einföld í framkvæmd sem hentar vel til að undirbúa nemendur undir viðameiri endursögn á texta. Munnleg endursögn getur veitt kennara góða innsýn í getu nemenda til að tjá sig, til að kanna orðaforða þeirra og lesskilning en allt skiptir þetta máli fyrir gengi nemenda í námi. Það er mikilvægt að vanmeta ekki gildi munnlegrar vinnu en hún getur verið góður undanfari allrar dýpri og flóknari vinnu með viðfangsefni í námi.

## Markmið aðferðar

- Að efla les- og/eða hlustunarskilning nemenda.
- Að efla munnlega tjáningu nemenda.
- Að auka orðaforða nemenda.
- Að undirbúa nemendur undir viðameiri endursögn.

## Gögn

- Teningar
- Að kasta og segja frá – spurningablað fyrir sögu/frásögn
- Að kasta og segja frá – spurningablað fyrir fræðilegan texta
- Textar til að vinna með

## Framkvæmd

Þrátt fyrir að aðferðin sé einföld er nauðsynlegt að skýra út fyrir nemendum í hverju hún er fólgin og gott er að hafa hugmyndina um stigskiptan stuðning bak við eyrað.


- Kennari útskýrir orðið „endursögn“ fyrir nemendum (að endursegja efni texta með eigin orðum og í rétttri tímaröð).
- Kennari kennir aðferðina með sýnikennslu. Hann velur 50–100 orða sögubút, stutta frásögn eða fræðilegan texta og biður nemendur um að hlusta vel. Að lestri loknum kastar hann teningnum og svarar viðeigandi spurningu. Kennarinn getur kastað teningnum aftur þar til hann hefur svarað öllum sex spurningunum og gefið dæmi um svör.
- Ferlið er endurtekið en nú mega nemendur taka þátt í að svara. Kennari veitir endurgjöf á svörin og aðstoðar ef svör eru ekki nægilega skýr eða í takti við efni texta. Þessi þáttur stuðningsins er endurtekinn þar til kennari telur nemendur færa um að takast á við aðferðina upp á eigin spýtur.

- Nú er komið að nemendum að prófa sjálfir. Kennarinn þarar nemendur saman, afhendir þeim nauðsynleg gögn (textabrot, spurningablað og tening). Kennari gengur um og metur framkvæmd hjá nemendum. Mikilvægt er að hlusta sérstaklega eftir því hvort svör séu í samræmi við spurningar og eins getur verið gagnlegt að hlusta eftir því hversu nákvæm svörin eru og hversu gott orðalag er.

### Aðrar útfærslur

- Nemendur geta fengið spurningablað með sér heim og aðferðin verið hluti af heimalestri dagsins/vikunnar/mánaðarins. Það eykur fjölbreytni við heimalestrarþjálfun.
- Aðferðin getur myndað læsisstöð þar sem áhersla er lögð á lestur og endursögn.
- Kennari getur notað aðferðina eftir að hafa hlustað á nemanda lesa til að kanna lesskilning hans. Kennarinn kastar teningnum eins oft og hann telur þörf á eða eins og svigrúm leyfir.


# Að kasta og segja frá -saga/frásögn-




Um hvað er sagan?



Hverjar eru sögupersónurnar?




Hvar gerist sagan?



Hvenær gerist sagan?




Hvað gerðist í sögunni?




Hvernig fannst þér sagan?


# Að kasta og segja frá -fræðilegur texti-




Hvað fannst þér áhugaverðast og hvers vegna?




Um hvað er textinn?




Nefndu tvennt sem þú lærðir af því að lesa textann.



Nefndu þrjár staðreyndir um það sem þú varst að lesa.



Hvaða spurningar hefur þú eftir að hafa lesið textann?



Hvað ert þú að hugsa eftir að hafa lesið textann?